



15. júní 2020

# Leiðsagnarnám í grunnskólum Reykjavíkur 2019-2020

Þekkingarskólar í leiðsagnarnámi –  
Dalskóli, Hamraskóli og Hlíðaskóli  
Kelduskóli



Nanna Kristín Christiansen  
SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKUR  
UMS-91

## Efniyfirlit

Leiðsagnarnám í grunnskólum Reykjavíkur 2019-2020.....	2
Leiðsagnarmat .....	2
Frá rannsóknum til skólastofunnar .....	3
Megin áherslur kennsluaðferða Shirley Clarke.....	3
Kveikjan að leiðsagnarnámi í reykvískum skólum .....	4
Stuðningur SFS við eflingu leiðsagnarnáms .....	5
Skólaárið 2018-2019 .....	6
Þekkingarskólar í leiðsagnarnámi 2019-2020.....	6

# Leiðsagnarnám í grunnskólum Reykjavíkur 2019-2020

## Þekkingarskólar

Skólaárið 2019-2020 stóð fagskrifstofa grunnskóla skóla- og frístundasviðs fyrir verkefninu þekkingarskólar í leiðsagnarnámi. Markmið verkefnisins var að styðja sérstaklega við eflingu leiðsagnarnáms í fjórum grunnskólum borgarinnar með það í huga að þeir öðlist forsendur til að veita öðrum áhugasömum kennurum og skólum jafningjastuðning við þróun leiðsagnarnáms. Þekkingarskólarnir; Dalskóli, Hamraskóli, Hlíðaskóli og Kelduskóli, eru svar við vaxand áhuga kennara og skóla í borginni á aðferðum leiðsagnarnáms. Verkefnið Þekkingarskólar í leiðsagnarnámi hefur falist í sameiginlegum fræðslu- og umræðufundum, námskeiðum, verkefnavinnu, þátttöku í alþjóðlegri ráðstefnu um leiðsagnarnám og heimsóknum í skóla í London.

### Leiðsagnarmat

Fyrst nokkur orð um hugtökin leiðsagnarnám og leiðsagnarmat. Leiðsagnarmat (formative assessment) hefur verið notað af kennurum í áratugi, en í fræðilegri umfjöllun má finna fleiri en eina skilgreiningu á hugtakinu. Í aðalnámskrá grunnskóla 2008 segir: *Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.* Á alþjóðlegri ráðstefnu um leiðsagnarmat sem haldin var í Edinborg 2019 sagði aðal fyrirlesarinn John Hattie, að með „formative assessment“ væri einfaldlega átt við að nemandinn vissi hvert hann væri að fara í námi sínu, hvar hann væri staddur og að hann fengi leiðsögn sem hjálpaði honum til að komast á áfangastað. Markmið leiðsagnarmats er því að gera nemendum kleift að taka aukna ábyrgð á námi sínu, með öðrum orðum valdefling nemenda. Þannig aukast líkurnar á framförum í náminu.

Ýmsar leiðir eru farnar til að leggja mat á stöðu nemenda í námi þar má nefna próf, símat, sjálfsmat og námsmöppur. Það kallast lokamat (summative assessment) þegar tilgangur matsins er að greina hver hæfni nemenda er í náminu. Yfirleitt fer lokamat fram þegar námi eða áfanga lýkur. Þegar tilgangur kennarans er að nota niðurstöður matsins til að leiðbeina nemendum betur í átta að markmiðum sínum, er um leiðsagnarmat að ræða. Leiðsögnin er almennt veitt með skriflegri eða munnlegri endurgjöf.

Niðurstöður rannsókna Black og Wiliam; *Inside the Black Box: Rasing standards through classroom assessment*, sem kom út 1998, hafði umtalsverð áhrif á þróun náms og kennslu víða um heim. Það voru einkum upplýsingar um mikil áhrif endurgjafar (feedback) sem skiptu sköpum. Fjölmargar rannsóknir hafa síðan staðfest mikil áhrif endurgjafar á framfarir nemenda. Því miður er málið samt ekki alveg svona einfalt. Enda þótt rík hefð sé fyrir því að kennarar noti endurgjöf er hún einstaklega vandmeðfarið verkfæri og rannsóknir hafa sýnt að oftar en ekki skilar hún neikvæðum árangri (Kluger og DeNisi, 1996; Hattie, 2018).

Fræðimenn þar á meðal Dillan Wiliam, Carol Dweck og John Hattie hafa leitað svara við því hvað þurfi að vera til staðar í skólanum til að tryggja sem best framfarir allra nemenda. Meðal þess sem þeir hafa skoðað er hvernig endurgjöfin þurfi að vera svo hún hafi jákvæð áhrif. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að ein megin forsenda þess að nemandi geti notfært sér endurgjöf er að kennarinn hafi áður áunnið sér traust nemandans, en jafnframt þarf að ríkja traust í nemendahópnum. Ekki síður vegur það þungt að kennarinn hafi væntingar til allra nemenda og líti á sjálfan sig sem áhrifavald í námi


þeirra. Loks hefur verið bent á að endurgjöf, sem ekki hjálpar nemandanum til að gera betur og komast nær markmiðum sínum, sé einskis virði og í versta falli letjandi, þess vegna þarf nemandinn að vera vel meðvitaður um hvert hann stefnir í námi sínu og endurgjöfin að miðast við það.

Meðal annarra þátta, sem sýnt hefur verið fram á að hafi mikil áhrif er getublöndun, þar sem kennslan miðast við getublandaða nemendahópa og nemendur læra saman og hverjir af öðrum, verða framfarirnar meiri. Rannsóknir Dweck um áhrif hugarfars (mindset) á nám nemenda og grunn þekkingu þeirra á starfsemi heilans hafa sett sterkan svip á kennsluaðferðir Shirley Clarke, sem sagt verður frá hér á eftir. Síðast en ekki síst hafa rannsóknir Dweck á áhrifum óttans við að gera mistök sett mark sitt á þróun kennsluhátta Clarke. Þar sem nemendum er kennt að mistök séu eðlilegur þáttur í námi og geti skapað dýrmæt tækifæri, er auðveldara að byggja upp traust í nemendahópnum og endurgjöfin skilar meiri árangri. Rannsóknir þessara fræðimanna sýna að forsendur framfara nemenda byggist á því að ákveðin námsmenning sé fyrir hendi, þar vegur fagmennska kennarans þyngst og einnig bekkjarbragurinn. Það eru þessi námsmenning sem byggt er á þegar talað er um leiðsagnarnám, eins og fram kemur hér á eftir.

### Frá rannsóknum til skólastofunnar

Enski menntunarfræðingurinn Shirley Clarke var um síðustu aldamót ráðin af menntayfirvöldum í heimalandi sínu, til að styðja skóla við að innleiða og efla leiðsagnarmat (formative assessment). Síðustu tvo áratugina hefur hún skrifað bækur, haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra og veitt ráðgjöf í Bretlandi og víðar, meðal annars fyrir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Clarke lítur á það sem hlutverk sitt að byggja brú frá fræðaheiminum yfir í skólastofunnar. Í samstarfi við reynda kennara hefur hún staðið fyrir þróun hagnýta hugmynda og kennsluaðferða sem byggja á niðurstöðum rannsókna sem sýnt hafa fram á að skili mestum framförum. Margar þessara aðferða eru kunnugar og marg reyndar en hafa verið settar í skýrara samhengi til að þjóna heildarmyndinni. Fjölmargir skólar í Bretlandi og víðar byggja starf sitt á aðferðum Clarke og hafa, þegar vel er að því staðið, náð framúrskarandi árangri. Megin áherslur Clarke eru á nám 5 – 12 ára nemenda en Wiliam og Leahly (2015) bendi á að aðferðafræði leiðsagnarmats henti öllum nemendum á aldrinum 5-25 ára.

### Megin áherslur kennsluaðferða Shirley Clarke



Eins og fram hefur komið er leiðsagnarmat, lykillinn að góðum framförum en til að það skili árangri þarf að byggja upp námsmenningu á skipulegan hátt. Megin forsenda árangurs er að kennarar beri ríka umhyggju fyrir nemendum sínum, búi yfir sterkri fagvitund, það er að segja að þeir viti hvers vegna þeir gera það sem þeir eru að gera og hvaða áhrif það hefur á nám nemenda. Kennarar þurfa

auk þess að vinna saman og ígrunda í sífellu starf sitt. Clarke hefur sett eftirfarandi áherslur undir þak leiðsagnarmats (formative assessment)

1. **Námsmenning, væntingar og námsvitund.** Skólabragurinn einkennist af miklum væntingum til allra nemenda. Námsvitund nemenda ber einkenni vaxtar hugarfars (growth mindset). Nemendur vita að nám hefur áhrif á heilann. Traust ríkir í nemendahópnum þar sem allir læra saman og hver af öðrum og litið er á mistök eðlileg þrep í náminu.
2. **Skipulag.** Í skólanum ríkir sameiginlegur skilningur á því hvað sé góð kennsla og hvers vegna. Uppbygging kennslustunda fylgir skipulagi og þær eru vel undirbúnar. Umhverfið þar á meðal námsveggir styðja við námið.
3. **Áhugi, markmið, viðmið og fyrirmyndir.** Rík áhersla er á valdeflingu nemenda, þess vegna þurfa nemendur að vita hvað þeir eru að læra (ekki hvað þeir eru að gera), hvar þeir eru staddir í námsferlinu og hvað þeir þurfa að gera til að ná markmiðum sínum. Nemendur fá tækifæri til að taka þátt í að ákveða matssviðið. Verkefni höfðu til áhuga nemenda og eru merkingarbær. Þeir vita hvernig gott verkefni getur litið út og hafa fjölbreyttar fyrirmyndir.
4. **Spurningar og samræður.** Nemendur fá tækifæri til að hugsa um það sem þeir eru að læra. Það að orða hugsanir sínar styður við nám þeirra. Markvissar samræður örva nám allra og nemendur læra saman og hver af öðrum auk þess fær kennarinn fær innsýn í stöðu nemenda.
5. **Endurgjöf.** Endurgjöf tekur alltaf mið af þeim markmiðum og viðmiðum sem unnið er að. Tilgangur hennar er að styðja nemendur til aukinna framfara, ef endurgjöfin gerir það ekki er hún tilgangslaus. Nemendur fá tækifæri til að nýta endurgjöfina strax, því er oftast um munnlega endurgjöf að ræða sem er veitt jafnt og þétt í kennslustundinni. Endurgjöf getur verið veitt sem kennaramat, jafningjamat og sjálfsmat. Hattie telur mikilvægustu endurgjöfina vera þá sem nemendur veita kennaranum, það er að segja þegar kennarinn nýtir þær upplýsingar sem hann aflar sér um stöðu nemenda til að ákveða næstu skref sín í kennslunni.

Námsmat sem slíkt er, eins og sjá má, aðeins lítið brot af aðferðum Shirley Clarke, enda hefur hún sjálf sagt að með þessari nálgun sé áherslan fyrst og fremst á nám nemenda. Kennarinn notar niðurstöður námsmats til að draga af þeim lærdóm og getur í kjölfarið ákveðið hvernig hann getur hagað kennslu sinni svo nemendur hans nái sem bestum framförum. Af þessum ástæðum hefur verið bent á að „Assessment for learning“ eða „Assessment with learning“ séu meira lýsandi heiti en „formative assessment“ þó það hugtak hafi fyrir löngu festst í sessi. Merkingin hefur hins vegar breyst frá því að tákna námsmat í það að vera markvisst uppbyggð námsmenning. Reykvískir kennarar og fleiri sem hafa unnið með aðferðir Shirley Clarke, hafa af þessum ástæðum kosið að nota orðið **leiðsagnarnám** um aðferðina og verður það gert hér eftir.

#### Kveikjan að leiðsagnarnámi í reykvískum skólum

Upphafið að miklum áhuga reykvísskólafólks á aðferðum Shirley Clarke má væntanlega rekja til heimsóknar kennarateymis frá Vesturbæjarskóla til Ardleigh Green Junior School í London vorið 2007. Vesturbæjarskóli var á þessum tíma móðurskóli í verkefninu Drengir og grunnskólinn. Meðal verkefna þróunarteymis skólans var að kynna sér starf skóla þar sem drengir höfðu náð góðum árangri. Nýútkomin skýrsla Molly Warrington, Michael Younger og Ros McLella; *Under-achieving boys' in English primary schools*, leiddi teymið til Ardleigh Green skólans, en rannsóknin hafði sýnt að þar var minni munur á námsárangri drengja og stúlkna en í öðrum skólum sem rannsóknin náði til. Skýringuna á þessum góða árangri töldu rannsakendur vera framúrskarandi kennsluhætti sem stuðluðu að framförum allra nemenda. Skólastjórinn John Morris, sem tók á móti teymi



Vesturbæjarskóla, þakkaði árangur skóla síns fyrst og fremst kennsluaðferðum Shirley Clarke. Hann var þess fullviss að aðferðin hefði stuðlað að umtalsverðum breytingum í öllu námi og kennslu, sem leiddi til aukins áhuga og framfara nemenda, einnig drengjanna. Niðurstöður rannsóknar Warrington og fl. höfðu komið starfsfólki Ardleigh Green skólans í opna skjöldu, enda hafði ekkert sérstakt verið gert í skólanum til að mæta þörfum drengja umfram það sem gert var fyrir stúlkurnar. Heimsóknin til Ardleigh Green vakti áhuga gestanna frá Vesturbæjarskóla á náms-og kennsluaðferðum leiðsagnarnáms. Í ágúst sama ár kom John Morris til Reykjavíkur til að halda námskeið fyrir kennara Vesturbæjarskóla. Hann var svo annar aðalfyrirlesari Öskudagsráðstefnu Menntasviðs Reykjavíkur og Kennarafélags Reykjavíkur 2008 auk þess sem John var á sama tíma með vinnustofu um leiðsagnarnám í samstarfi við kennara Vesturbæjarskóla. Áhugi fjölmargra kennara á leiðsagnarnámi var vakinn. Framhaldið er í stuttu máli á þá leið að undanfarin 12 ár hafa fleiri en 200 íslenskir kennarar og skólastjórnendur heimsótt Ardleigh Green skólann auk þess sem John hefur ásamt kennurum sínum haldið fjölda námskeiða, einkum um leiðsagnarnám, fyrir reykvíska kennara og skólastjórnendur bæði í London og hér heima og verið afar örlátur á námsefni skóla síns. Kennarar við Hamraskóla unnu og staðfærðu meðal annars íslenskt námsefni í framhaldi af námskeiðum og heimsóknum til Ardleigh Green. Skólinn heimilaði einnig SFS upptökur á kennslustundum sem eru aðgengilegar á <https://skolar.reykjavik.is/course/view.php?id=271> Auk þessa hefur Morris veitt nokkrum skólum í borginni sérstaka ráðgjöf um lengri og skemmri tíma. Það skal áréttað að vinna John Morris hefur ekki aðeins vakið athygli og virðingu hér í Reykjavík því í heimalandi sínu hefur hann hlotið fjölmargar viðurkenningar meðal annars var hann valinn skólastjóri ársins í London 2012 auk þess sem Elísabet drottning veitti honum OBE orðuna 2015.

Skrifstofa grunnskólamála á fagskrifstofu SFS hefu að mestu leyti skipulagt og haft milligöngu um samstarfið við John Morris. Jafnframt því hefur verkefnastjóri aflað sér frekari þekkingar á aðferðum leiðsagnarnáms með lestri bóka, á námskeiðum og ráðstefnum erlendis og með skólaheimsóknum. Megin áherslur hafa verið á efni og rannsóknir Shirley Clarke, John Hattie, Carol Dweck og Dilan Wiliam.

### Stuðningur SFS við eflingu leiðsagnarnáms

Skólaárið 2017–2018 stóð skrifstofa skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur fyrir þróunarverkefni um leiðsagnarnám. Forsaga málsins er að margir skólastjórnendur, sem hlýtt höfðu á fyrirlestur skrifstofunnar um leiðsagnarnám, sýndu því áhuga að aðferðarfræðin yrði kynnt fyrir kennurum með það að markmiði að styðja við innleiðingu leiðsagnarnáms. Sótt var um styrk til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla. Þegar skrifstofan auglýsti eftir skólum til þátttöku skráðu 17 grunnskólar sig til leiks. Skólarnir voru: Austurbæjarskóli, Ártúnsskóli, Dalskóli, Grandaskóli, Hagaskóli, Hamraskóli, Háaleitisskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Húsaskóli, Ingunnarskóli, Laugarnesskóli, Melaskóli, Norðlingaskóli, Sæmundarskóli, Vesturbæjarskóli og Víkurskóli. Í hverjum skóla var starfandi innleiðingarteymi sem hafði það hlutverk að leiða starfið innan skólans. Haldnir voru um 20 fræðslufundir um leiðsagnarnám á vegum SFS en hápunktur verkefnisins var námskeið Shirley Clarke í Reykjavík 15. mars sem 450 kennarar og stjórnendur sóttu. Verkefnastjórar verkefnisins stofnuðu vef um með hagnýtu efni um leiðsagnarnám: [www.nammedleidsogn.wordpress.com](http://www.nammedleidsogn.wordpress.com) Nánar má lesa um fyrirkomulag þróunarverkefnis skólaárið 2017-2018 í skýrslunni; [Leiðsagnarmat er málið](#). Verkefninu stýrði Nanna K. Christiansen verkefnastjóra á skrifstofu grunnskólamála ásamt Eddu G. Kjartansdóttir sérfræðingi í starfendarannsóknnum.

## Skólaárið 2018-2019

Haustið 2018 bættust eftirtaldir skólar í hóp þeirra sem óskuðu eftir að efla leiðsagnarnámið í starfi sínu: Fossvogsskóli, Foldaskóli, Vættaskóli, Rimaskóli, Klébergsskóli, Vogaskóli og Laugalækjarskóli. Að viðbættum skólunum sem hófu þátttöku á fyrra skóla ári voru skólarnir því orðnir 25. Eftir sem áður var hver skóli var með innleiðingarteymi sem ætlað var að leiða þróun leiðsagnarnáms í sínum skóla. Engar kröfur voru gerðar af hálfu SFS til skólanna og það var í höndum hvers og eins skóla að setja sér markmið með þátttökunni og að ákveða hvernig og að hve miklu leyti þeir nýttu tilboð skrifstofunnar um fræðslu og umræður. Verkefnið var stutt af Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Samtals 23 námskeið og fundir um leiðsagnarnám voru haldnir á skólaárinu. Auk funda sem verkefnastjóri verkefnisins stóð fyrir var leitað til utanaðkomandi sérfræðinga um að halda námskeið um stærðfræði og leiðsagnarnám, um samstarf nemenda og um endurgjöf. Verkefnastjóri kom einnig á fundi í skóla þegar eftir því var leitað. Nánar má lesa um verkefnið í [Skýrsla um leiðsagnarnat 2018-2019](#). Eftir sem áður var efni sett inn á vef verkefnisins.

Í byrjun árs 2019 var ákveðið að fylgja eflingu leiðsagnarnáms eftir á næsta skólaári með því að stofna 4-5 þekkingarskóla í leiðsagnarnámi. Auglýst var eftir áhugasömum skólum og sóttu 14 um. Skólarnir sem urðu fyrir valinu eru: Dalskóli, Hamraskóli, Hlíðaskóli og Kelduskóli. Í öllum þessum skólum starfa kennarar sem sýnt hafa mikinn áhuga á leiðsagnarnámi á síðustu árum og hafa stuðning skólastjóra. Verkefnið var styrkt af Erasmus, Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Sprotasjóði og Rannsóknarsjóði KI.

Í mars 2019 var haldin í Edinborg tveggja daga alþjóðleg ráðstefna um leiðsagnarnám sem átta kennarar frá væntanlegum þekkingarskólum sóttu auk verkefnastjóra verkefnisins. Skrifstofa SFS veitti styrk til að greiða niður hluta þátttökugjaldanna. Verkefnastjóri 2018-2019 var áfram Nanna K. Christiansen.

## Þekkingarskólar í leiðsagnarnámi 2019-2020

Á skólaárinu var stuðningi grunnskólahluta fagskrifstofu SFS varðandi leiðsagnarnám einkum beint að þekkingarskólunum fjórum. Áfram var haldið úti vefsíðu verkefnisins og hún jafnframt tengd vef SFS; menntastefna.is. Verkefnastjóri hélt einn opinn fund sem auglýstur var fyrir skólana 25, sem hafa tekið þátt í eflingu leiðsagnarnáms, þar að auki hélt hann samtals 12 fræðslufundi í einstökum skólum sem þess óskuðu, fyrri utan þá sem haldnir voru í þekkingarskólum.

Markmiðið með stuðningi við þekkingarskólanna er að efla skóla/kennara í borginni sem hafa næga þekkingu og reynslu í aðferðum leiðsagnarnáms til að geta í framtíðinni stutt við aðra grunnskóla og einstaka kennara með jafningjastuðningi.

### Framkvæmd verkefnisins

**Ráðstefna:** Segja má að starf þekkingarskólanna hafi farið af stað vorið 2019 þegar tveir kennarar frá hverjum þekkingarskóla, ásamt verkefnastjóra grunnskólahluta fagskrifstofu SFS, sóttu alþjóðlegu ráðstefnuna *Visible learning* sem haldin var í Edinborg. Aðal fyrirlesarinn var John Hattie en rannsóknir hans eru mikilvægur grunnur að aðferðafræði leiðsagnarnáms. Auk hans fluttu þar erindi Shirley Clarke, Micala Fullan, Wivian Robinson o.fl. fræðimenn sem fjölluðu um leiðsagnarnám frá misunandi sjónarhornum.

**Innleiðingarteymi:** Í hverjum skóla var starfandi teymi sem leiddi þróun leiðsagnarnáms í skólanum, í teyminu var skólastjóri og/eða aðstoðarskólastjóri auk 3-6 kennara. Teymi hvers skóla fundaði reglulega, almennt vikulega, til að skipuleggja innra þróunarstarf skólans. Teymin stóðu fyrir reglulegum fundum um leiðsagnarnámið með öðrum kennurum skólans. Megin þungi

Þróunarstarfsins fór fram í kennslustundum í hverjum skóla með stuðningi teymisins. Teymin tóku einnig þátt í sameiginlegum fræðslu-og umræðufundum með teyminum hinna þekkingarskólanna. Auk þess stóðu teymin fyrir opnum fræðslufundum um leiðsagnarnám. Hluti hvers teymis sótti ráðstefnu í Edinborg vorið 2019, aðrir fóru í skólaheimsókn til London vorið 2020, með styrk frá Erasmus. Teymin fengu styrk úr Sprotasjóði.

Í innleiðingateymunum sátu:

Dalskóli: Hildur Jóhannsdóttir skólastjóri og kennararnir: Hrund Gautadóttir, Hulda Óskarsdóttir, Ásta Bárðardóttir, Hanna Kristín Rúnarsdóttir og Sigríður Schram.

Hlíðaskóli: Krístrún Guðmundsdóttir skólastjóri, Aðalheiður Bragadóttir aðstoðarskólastjóri, Oddný Yngvadóttir deildarstjóri og kennararnir; Helga Snæbjörnsdóttir, Steingrímur Sigurðsson, Eygló Erla Þórisdóttir og Linda Björg Pétursdóttir.

Hamraskóli: Anna Bergsdóttir skólastjóri, Júlíana Hauksdóttir aðstoðarskólastjóri og kennararnir: Arna Vala Róbertsdóttir, Erla María Markúsdóttir og Þórunn Elíadóttir

Kelduskóli: Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri, Ester Helga Líneyjardóttir aðstoðarskólastjóri og kennararnir: Björg Hrund Sigurbjörnsdóttir, Fiona Elizanet Oliver, Kristín Halla Þórisdóttir, Þuríður J. Ágústsdóttir og Vilma Ágústsdóttir.

**Markmið**: Hver skóli setti sér markmið og viðmið um árangur fyrir skólaárið. Samkvæmt áætlun átti að meta árangurinn af skólunum sjálfum í lok skólaársins og gera umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. Markmið skólanna eru eftirfarandi:

#### Dalskóli

Þeir kennarar sem eru á fyrsta og öðru starfsári í skólanum hafa þessi markmið

- Í upphafi hvernar kennslustundar séu sett fram námsmarkmið sem eru nemendum ljós
- Samræða um markmið, lærdóm og nám eigi sér stað í hverri kennslustund með námsfélögum.
- Að innleiða og þjálfa vaxandi hugstarf og námsmenningu námshópsins
- Að í lok kennslustunda sé dregið saman hvað verið var að læra og hvaða nemandi sem er geti sagt frá því.

Þeir kennarar sem hafa lengri reynslu í leiðsagnarnámi

- Setji fram árangursviðmið
- Nýti fyrirmyndarverkefni og sýni dæmi til þess að setja árangursviðmið með nemendum
- Innleiði virka endurgjöf í kennslustundum byggða á viðmiðum.

Fyrir hvert markmið eru skilgreind árangursviðmið. Sjá nánar í fylgiskjali.



## Hamraskóli

Markmiðið er að efla eftirfarandi áherslur:

Nemendur tileinki sér hugarfar vaxtar með áherslu á:

- Þekkingu á virkni heilans í námi
- Eflingu þrautseigju
- Mistök geta skapað tækifæri
- Trú á eigin getur
- Áskoranir í námi

Uppbygging kennslustunda

- Skýr námsmarkmið og námsviðmið (innlögn)
- Námsfélagar -endurgjöf
- Miðtímamat
- Endurgjöf – Áherslupennar: bleikt er best og gult að gera þarf betur.
- Táknræn endurgjöf og merki

Fyrir hvert markmið eru skilgreind árangursviðmið. Sjá nánar í fylgiskjali.

## Hlíðaskóli

- Að kennarar Hlíðaskóla setji markmið fyrir allar kennslulotur og kennslustundir (hvað á nemandinn að læra, hvernig lærir hann það, hvernig er það metið).
- Að vaxtarhugarfar einkenni skólastarf Hlíðaskóla og sé sýnilegt í skólanum.
- Að nemendur Hlíðaskóla fái munnlega endurgjöf (hvað hefur nemandinn lært, hvað getur hann gert betur) alla daga.

Fyrir hvert markmið eru skilgreind árangursviðmið. Sjá nánar í fylgiskjali.

## Kelduskóli

- Nemendur nýta sér endurgjöf frá kennara.
- Kennari nýtir endurgjöf frá nemendum.
- Jafningamat og sjálfsmat er hluti af námsmati.

Fyrir hvert markmið eru skilgreind árangursviðmið. Sjá nánar í fylgiskjali.

**Sameiginlegir fræðslu -og umræðufundir þekkingarskólanna.** Sjö sameiginlegir fundir voru haldnir með teyllum skólanna. Markmiðið var að skipuleggja starfið og leitast við að deila reynslu og þekkingu þátttakenda.

**Fundir verkefnastjóra með teyllum í hverjum skóla.** Áætlað var að verkefnastjóri héldi tvo fundi í hverjum skóla en vegna farsóttarinnar féllu fundirnir sem áttu að vera á vorönninni niður. Á fundunum snerist umræðan fyrst og fremst um þau markmið sem skólinn hafði sett sér og hvernig gengi að vinna að þeim.

**Kynningar/námskeið fyrir þekkingarskólanna:** Samtals fjórar kynningar/námskeið voru í boði fyrir kennara í þátttökuskólunum. Þau voru:

- ✓ Menntastefnan og leiðsagnarnám. Umsjón; Friða B. Jónsdóttir og Nanna K. Christiansen
- ✓ Hvernig setjum við markmið og metum árangur í þróun leiðsagnarnáms? Umsjón; Arnar Ævarsson
- ✓ Menntun fyrir alla með leiðsagnarnámi. Umsjón; Anna Wozniczka doktorsnemi við MVSHI
- ✓ Leiðsagnarnám á unglíngastigi; Umsjón: Sólveit Zophoniasdóttir, Háskólanum Akureyri

### Vettvangskannanir

Verkefnastjóri fór í vettvangskannanir í hvern skóla og fylgdist með kennslustundum til að skoða framkvæmd leiðsagnarnámsins. Fjallað var um niðurstöðurnar á sameiginlegum fundi teymanna í maí.

### Fræðslufundarröð þekkingarskólanna

Auglýstir voru fjórir opnir fræðslufundir um leiðsagnarnám á vegum þekkingarskólanna. Efni þeirra var:

- Hvernig byggjum við upp námsmenningu sem er forsenda leiðsagnarnáms?
- Að setja námsmarkmið, viðmið og nota fyrirmyndir á unglíngastigi.
- Námsfélagar og samræður. Tenging við námsmarkmið fyrir yngsta og miðstig.
- Endurgjöf kennara til nemenda, nemenda til kennara, jafningjamat og sjálfsmat.

Vegna farsóttarinnar var aðeins hægt að halda tvo fyrri fundina sem voru vel sóttir. Efni hinna fundanna var tekið upp á myndband sem vistað er á vef verkefnisins [nammedleidsogn.wordpress.com](http://nammedleidsogn.wordpress.com)

### Rýnihópar nemenda

Til að leita svara við því hvort áherslur leiðsagnarnámsins hefðu náð til nemendanna sjálfra voru haldnir rýnihópsfundir með hópi nemenda í hverjum skóla. Til samanburðar var einnig rætt við hópa nemenda í tveimur skólum sem hafa ekki verið að vinna markvisst með leiðsagnarnám. Verkefnið var unnið af sérfræðingum á skrifstofu sviðstjóra SFS. Ekki var um stórt úrtak að ræða svo vafasamt er að fullyrða um niðurstöður. Þær benda þó til þess að munur sé á reynslu nemenda hvað varðar áherslur leiðsagnarnáms og er hún meiri hjá nemendum þekkingarskólanna. Mestur virðist þó munurinn vera milli einstakra bekkja. Af því má draga þá ályktun að það skipti meira máli hver kennir nemendum en í hvaða skóla þeir eru.

### Mat og umbótaáætlun

Við lok verkefnisins var gert ráð fyrir að þekkingarskólarnir framkvæmdu sjálfsmat þar sem litið væri til þeirra markmiða og matsviðmiða sem stefnt var að. Á grundvelli niðurstaðna átti að gera umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. Verkföll og kórónufaraldur sett strík í reikninginn á vorönninni og því reyndist ekki unt að vinna þennan hluta verkefnisins að öllu leyti. Þráðurinn verður tekinn upp að nýju í haust og áætlun endurskoðuð og fylgt eftir næsta skólaár. Hér eru dæmi um sjálfsmat sem lánaðist að framkvæma:

#### Dæmi frá Dalskóla:

Markmið: Að innleiða og þjálfa vaxandi hugstarf og námsmenningu námshópsins.

Mat: Nemendur virðast þekkja hugtakið vaxandi hugarfar. Á fundum okkar í innleiðingarteyminu höfum við rætt að mikilvægt sé að vinna enn betur í góðri námsmenningu. Skólinn okkar hefur verið í miklu húsnæðisumróti öll þau tíu ár sem hann hefur starfað og það hefur áhrif á námsmenningu. Að okkar mati hefur ekki tekist að ná nógu miklum innri stöðugleika sem okkur finnst orsakast af ytri aðstæðum og sífelldri aðlögun að breyttu húsnæði og rými. Nú þegar við erum komin í gott og

endanlegt húsnæði ættu að skapast aðstæður fyrir góðri námsmenningu. Einnig höfum við tekið matsfundi með kennurum um hvernig við getum samræmt starfshætti okkar í leiðsagnarnámi.

Sjá nánar í fylgiskjali.

#### Dæmi frá Hlíðaskóla:

Markmið: Að kennarar Hlíðaskóla setji markmið fyrir allar kennslulotur og kennslustundir (hvað á nemandinn að læra, hvernig lærir hann það, hvernig er það metið).

Mat: Námsveggir eru í 90% skólastofa í einhverri mynd skv. vettvangsathugun. Niðurstöður skólapúlsins í vetur sýna að 86.8% nemenda í 6.-10. bekk svara því að þeir viti hvað þeir eigi að læra af verkefnum sem þeir fást við. Það er fyrir ofan landsmeðaltal sem er 83,9%.

Umbætur: Strax á starfsdögum í haust þarf að fara yfir þetta markmið og viðmiðin. Því þarf að fylgja eftir með heimsóknum í kennslustofur og viðtölum við kennara. (Gátlisti fyrir heimsóknir er tilbúinn). Verið er að leita tilboða í „námsveggi“ sem stefnt er að setja í allar bekkjarstofur. Setja viðmið um 90% jákvæða svörun í skólapúlsinum.

Sjá nánar í fylgiskjali.

#### Dæmi frá Kelduskóla:

Mat nemenda í 2. – 10. bekk.

Nemendur	alltaf/oft	stundum/aldrei
Ég fer yfir endurgjöf frá kennara og bregst við henni með því að spyrja spurninga.	72%	28%
Ég nýti mér endurgjöf til að bæta verkefnið og skila því aftur	91%	9%
Ég bið um nánari endurgjöf	44%	56%
Ég get gefið dæmi um hvað það var sem ég bætti.	67%	33%
Ég nýti mér jafningjamat til að bæta verkefnið mitt.	66%	34%
Ég nýti mér sjálfsmat til að auka við þekkingu mína.	79%	21%
Ég nýti mér sjálfsmat til að bæta næsta verkefni.	75%	25%

Sjá nánar í fylgiskjali.

#### **Framtíðarhlutverk þekkingarskóla í leiðsagnarnámi**

Allir skólarnir mun halda þróun leiðsagnarnáms áfram í samræmi við umbótaáætlanir sínar. Kennarar í skólunum munu m.a. taka þátt í eða annast alfarið kennslu á námskeiðum sem skrifstofa SFS stendur fyrir um leiðsagnarnám. Einnig er áætlað að þeir muni taka á móti kennurum annarra skóla sem óska eftir að koma í vettvangsheimsóknir til að sjá leiðsagnarnámið í framkvæmd.

#### **Lokaorð**

Þegar á heildina er litið tókst verkefnið þekkingarskólar í leiðsagnarnámi afar vel, mikill styrkur fólst í samstarfi skólanna fjögurra og það tókst að safna mikilli reynslu og þekkingu. Ljóst er að mikil og stöðug ígrundun átti sér stað um nám og kennslu í öllum skólunum fjórum, menn spyrja ekki aðeins hvað þeir hafi gert heldur einnig hvers vegna og hvaða áhrif það hafi haft, í því kristallast fagmennska kennara. Kennarar eru að ná tökum á nýrri námsmenningu sem mun vonandi festast í sessi. Orð úr skýrslu Dalskóla verða lokaorð verkefnisins þekkingarskólar í leiðsagnarnámi: *Að vetrinum loknum var ljóst að þeir sem lögðu markvisst rækt við að innleiða leiðsagnarnám luku miklu lofsorði á framfarir nemanda, námsmenning batnaði og öryggi kennara og fagmennska jókst.*

Nanna Kristín Christiansen

Verkefnastjóri á fagskrifstofu grunnskóla SFS

Reykjavík, 12. júní 2020,



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

*Gustín E. Benksdóttir*

F.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar